



Bréf vegna tekjuskatts Þórðar Sveinssonar er ekkju hans var gert að greiða að honum látnum

Bjarni Benediktsson – Bréf vegna tekjuskatts Þórðar Sveinssonar er ekkju hans var gert að greiða að honum látnum

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 2. september 1940.

Með bréfum dags. 2. júní og 27. sept. 1939 felldi hið
háa fjármálaráðuneyti niður ógreiddan tekjuskatt Þórðar heitins Sveins-
sonar bankabókara. Á þessu ári hefir þrátt fyrir þetta ekkju hans
verið gert að greiða tekjuskatt af tekjum, er Þórður heitinn hafði
unnið fyrir fyrri hluta árs 1939, þ.e. áður en hann dó í maí það ár.
Í samræmi við þetta er tekjuskattur ekkjunnar, frú Ólafíu Bjarnadóttur
Austurstræti 3, 554,40 kr, þar sem útsvar hennar er aftur á móti
einungis 230,00 kr.. Þar sem ekkjan á engu hagara með að greiða skatt
áfntekjum Þórðarheitisins árið 1939 en skatt þann, sem í fyrra var
felldur niður, vil ég hér með leyfa mér að fara þess á leit, að hið
háa ráðuneyti lækki tekjuskattinn í þá upphæð, sem sarsvarar tekjum
ekkjunnar sjálfrar og lagðar eru til grundvallar útsvarsálagningunni.

Virðingarfyllt,

Til fjármálaráðuneytisins.